

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð séra 37 Ólafs Finnssonar og frú Þórunnar Ólafsdóttur frá Kálfholti“, útgefin á venjulegan 27. febr. hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. febrúar 1952.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs séra Ólafs Finnssonar og frú Þórunnar Ólafsdóttur frá Kálfholti.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Ólafs Finnssonar og frú Þórunnar Ólafsdóttur frá Kálfholti, og er stofnaður í minningu um þau.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af sóknarfólki Kálfholtsprestakalls og myndast af gjöfum frá því og öðrum. Stofnfé er kr. 3246.93 31. des. 1951.

3. gr.

Sjóðnum skal varið til þess að efla safnaðarsöng í Kálfholtsprestakalli (Hábæjar-, Kálfholt- og Árbæjarsóknum). Þá er sjóðurinn er orðinn 10000.00 kr. skal fyrst veita úr honum og verja til þess helming vaxtanna. Hinn helminginn skal leggja við höfuðstól sjóðsins, unz hann er orðinn 20000.00 kr. Þá skal $\frac{3}{4}$ hluta vaxtanna varið til eflingar safnaðarsöngsins, unz sjóðurinn er orðinn 50000.00 kr., en $\frac{1}{4}$ hluti skal lagður við höfuðstól sjóðsins, unz hann verður 100000.00 kr. Eftir þann tíma skal leggja $\frac{1}{400}$ vaxta við höfuðstólinn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þannig:

Sóknarprestur í Kálfholtsprestakalli og oddvitar sóknarnefnda í því prestakalli. Stjórn sjóðsins veitir móttöku gjöfum til hans og öðrum tekjum og ber ábyrgð á, að ekkert af eignum sjóðsins glatist. Hún semur reikninga sjóðsins við hver áramót og leggur þá fram fyrir næsta sýslufund Rangárvallasýslu til úrskurðar og skulu þeir síðan birtir í B-deild Stjórnartíðindanna.

5. gr.

Nú þykir hlutverki sjóðsins náð og má þá verja sjóðnum til eflingar öðru kirkjulegu starfi í Kálfholtsprestakalli.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal geymdur og ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands.

Kirkjuhvoli, 20. desember 1951.

Sveinn Ögmundsson.

Friðrik Friðriksson.

Guðjón Jónsson.

Þórður Bjarnason.